



Fjölbrautaskóli Suðurlands

Danska Kvikmyndir

Vorönn 2019

DANS3KD05

---

<b>Kennari:</b>	<b>Pelle Damby Carøe</b> <a href="mailto:pellecaroe@fsu.is">pellecaroe@fsu.is</a>	<b>Sk.st.</b>	<b>PC</b>
-----------------	---	---------------	-----------

**Undanfari:** DANS2LM05

**Áfangalýsing:**

Í áfanganum er lögð áhersla á að efla hjá nemandanum alla þætti tungumálsins, að efla sjálfsöryggi hans og tjáningu á eigin hugsunum, svo og sjálfstæði hans og ábyrgð í vinnubrögðum.

Kennsla fer að mestu leiti fram á dönsku.

**Markmið áfangans er að:**

**Tal:** Nemendur þjálfist í að tala saman af öryggi um námsefni áfangans, að svara fyrirspurnum og færa rök fyrir skoðunum sínum. Nemendur geti gefið nákvæmar lýsingar á flóknum málefnum og dregið saman niðurstöður.

**Hlustun:** Nemendur vinni með ýmiss konar hlustunarverkefni, geti skilið sjónvarpsþætti og kvikmyndir án mikilla erfiðleika og geti skilið langan málflutning á dönsku.

**Ritun:** Nemendur geti tjáð sig skriflega með skýrum og vel samsettum texta í viðeigandi ritstíl hvort heldur sem er um að ræða skapandi skrif eða stýrð verkefni eins t.d endursagnir, gagnrýni og frásagnir.

**Orðaforði:** Nemendur tileinki sér sérhæfan orðaforða í tengslum við námsefni sem unnið er með hverju sinni.

**Lestur:** Nemendur geti lesið sérfræðigreinar sem tengjast viðfangsefni áfangans.

<b>Þekkingarviðmið</b>	<p><b>Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• viðeigandi ritstíl í dönsku ritmáli</li> <li>• danskri kvikmyndagerð</li> <li>• flóknum rauntextum</li> <li>• fjölbreyttum orðaforða sem tengist námsefninu</li> <li>• helstu atriðum og þemum í dönskum kvikmyndum</li> </ul>
<b>Leikniviðmið</b>	<p><b>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• geta tjáð sig af öryggi og ábyrgð án mikillar umhugsunar</li> <li>• skilja þegar töluð er danska og skilja nákvæmar lýsingar á flóknum málefnum</li> <li>• nýta málfræðilegar upplýsingar til að efla eigin málfærni</li> <li>• tjá sig skýrt um námsefni sem hann hefur kynnt sér</li> <li>• tjá sig skriflega á skýran og gagnrýnan hátt og valið sér rítstil sem hentar hverju sinni</li> <li>• vinna að skapandi verkefnum þar sem sérhæfð þekking kemur fram</li> <li>• skipuleggja vinnuferli og sýni frumkvæði í vinnubrögðum</li> </ul>
<b>Hæfniviðmið</b>	<p><b>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• meta eigið vinnuframlag og annarra</li> <li>• skilja flókið efni jafnvel þótt það tengist ekki hans sérsviði</li> <li>• taka þátt í umræðum, færa rök fyrir máli sínu og tjá afstöðu sína á siðferðislegan hátt</li> <li>• setja fram hugmyndir sínar og skoðarnir af nákvæmni</li> <li>• lesa á milli lína og áttað sig á dýpri merkingu texta</li> <li>• nota málið á sveigjanlegan og áhrifaríkan hátt í félagslegum og faglegum tilgangi</li> </ul>

**Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:**

<b>Dagsetning</b>	<b>Námsefni - viðfangsefni</b>	<b>Próf og verkefni</b>
7. jan. – 3. feb.	<b>Kvikmyndir 1 og 2</b> <b>Fræði, bakgrunnur</b> <b>Þemaverkefni 1 (skriflegt)</b> <b>Glósur + ritun próf 1</b>	Áhorf og umræður Lestur + ritun Hlustun + munnlegt Skrifleg próf
4. feb. - 3. mar.	<b>Kvikmyndir 3 og 4</b> <b>Fræði, bakgrunnur</b> <b>Þemaverkefni 2 (munnlegt)</b> <b>Fræði, bakgrunnur</b> <b>Hlustun próf 1</b>	Áhorf og umræður Lestur + ritun Hlustun + munnlegt Munnleg próf
4. mar. – 31. mar.	<b>Kvikmyndir 5 og 6</b> <b>Fræði, bakgrunnur</b> <b>Þemaverkefni 3 (stuttmynd)</b> <b>Glósur + ritun próf 2</b>	Áhorf og umræður Lestur + ritun Hlustun + munnlegt Kvikmynð + munnleg kynning Sköpun / stuttmynd (próf)
1. apr. - 10. maí.	<b>Kvikmynd 7</b> <b>Fræði, bakgrunnur</b> <b>Þemaverkefni 4 (frjáls aðferð)</b> <b>Hlustun próf 2</b>	Áhorf og umræður Lestur + ritun Hlustun + munnlegt Frjáls aðferð

**Sérreglur áfangans:**

Áfanginn er án lokaprófs, þess vegna skiptir dagleg þátttaka í tímum og verkefnaskil **öllu máli**.

**Fyrirkomulag námsmats:**

Símat/leiðsagnarmat sem byggir á verkefnavinnu, þemavinnu, skriflegum og munnlegum prófum. Námsmatið tekur til allra færniþáttanna þ.e.a.s. hlustunar, tals, ritunar og lesturs.

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Áhugi / ástundun	Innlifun, verkefnaskil, upptökur og umræður	10%
Þemaverkefni	4 próf: Munnleg (10%), skrifleg (10%), stuttmynd (20%), frjáls aðferð (10%)	50%
Ritun + Glósur	2 próf: Glósur og ritun tengt kvikmyndum og sjónvarpsefni/þættir	20%
Hlustun	2 próf: Sjónvarpsefni, þættir	20%

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**

**Kærlig hilsen,  
Pelle Damby Carøe**